

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

— *Brief landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um áfrýjun á lögtaks-
gjörð.* — Í brjefi frá 24. f. m. meðtók jeg þóknanleg ummæli yðar, herra bæjar-
fógeti um erindi það, er hingað hefir komið og þar sem 4 tómthúsmenn, er byggt hafa
í landi jarðarinnar Sels hjer við Reykjavík, sem sje Jón Halldórsson, Jón Ólafsson, Jón
Jónsson og Gísli Guðmundsson, mælast til þess, að þeim verði veittur gjafflutningur og
skipaður málaflutningsmaður til að áfrýja fyrir yfirdóminn lögtaksgjörðum þeim, er fram-
kvæmdar hafa verið hjá þeim til fullnustu lóðartolli þeim, er jafnað hefir verið á þá
árið 1876. Og skal nú þjónustusamlega tjáð yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og
birtingar fyrir hlutaðeigendum það, er hjer segir:

Með því að það sjest af bónarbrjefinu, að hlutaðeigendur ætla ekki að áfrýja lög-
taksgjörðinni sjálfri, en þar á móti óska dóms um þá spurningu, hvort þeir, þó þeir eigi
ekki lóðina undir viðkomandi tómthúsum, en greiða af henni árlega leigu eða lóðartoll
til eiganda jarðarinnar Sels Magnúsar Jónssonar, sjeu skyldir til einnig að greiða toll í
bæjarsjóð af þessum tómthúsum samkv. opnu brjefi 26. septbr. 1860, og með því að það
er efasamt, hvort spurning þessi, sem samkv. 5. gr. opnu br. 2. apríl 1841 má fá út-
kljáða með málssókn í hjeradi gegn beiðanda lögtaksins, verði dregin undir dóm með
því að skjóta lögtaksgjörðinni til æðri rjettar, — finn jeg ekki nægilegt tilefni til að
veita það, sem um er sótt; en verð jeg að biðja beiðöndunum vísað á að höfða mál í
hjeradi, ef þeir þykjast hafa mótmæli fram að færa gegn kröfu þeirri, sem lögtak hefir
verið gjört fyrir, og ber samkvæmt lagastað þeim, er vitnað var til, að höfða slíkt mál
með kæru til sáttanefndarinnar, í síðasta lagi innan 3 mánaða frá degi þeim, er lögtakið
var gjört.

Verðlagsskrá

sem gildir í

*Borgarfjarðar, Gullbringu, Kjósar, Árness, Rangárvalla og Vestmannaeyjúsólum og í
Reykjavíkurbæ,*

frá miðju maímánaðar 1877 til sama tíma 1878.

A. Fríður peningur:		Í peningum.		Hundrað á		Alin.
		Kr.	Aur.	Kr.	Aur.	Aur.
1.	1 or 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fardögum . . . á	94	89	94	89	79
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í far- dögum . . . hver á	10	67	64	2	53
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti . . . —	14	90	89	40	75
4.	— 8 — tvævetrir . . . —	11	56	92	48	77
5.	— 12 — veturgamlir . . . —	8	36	100	32	84
6.	— 8 ær geldar . . . —	10	34	82	72	69
7.	— 10 — mylkar . . . —	6	93	69	30	58
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fardögum . . . á	78	98	78	98	66
9.	— 1 ¹ / ₂ hryssu, á sama aldri . . . hver á	61	65	82	20	69

Hinn 21. marz 1877.